



**ORKUSTOFNUN**

**Auðlindadeild**

# **Rannsóknir á kjarna úr holu ÖJ-1, Ölkelduhálsi**


**Hjalti Franzson  
Helga Tulinius**

**Samvinnuverk Orkustofnunar og  
Orkuveitu Reykjavíkur**

**1999**

**OS-99024**





**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 3-720106

**Hjalti Franzson**  
**Helga Tulinius**

## **Rannsóknir á kjarna úr holu ÖJ-1 Ölkelduhálsi**

**Samvinnuverk Orkustofnunar og Orkuveitu Reykjavíkur**


**OS-99024**

**Apríl 1999**

ISBN 9979-68-035-0

ORKUSTOFNUN: Kennitala 500269-5379 - Sími 569 6000 - Fax 568 8896  
Netfang os@os.is - Heimasíða <http://www.os.is>



<b>Skýrsla nr:</b> OS-OS-99024	<b>Dags:</b> Apríl 1999	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Rannsóknir á kjarna úr holu ÖJ-1, Ölkelduhálsi	<b>Upplag:</b> 40	
	<b>Fjöldi síðna:</b> 68	
<b>Höfundar:</b> Hjalti Franzson Helga Tulinius	<b>Verkefnisstjóri:</b> Hjalti Franzson	
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Rannsókn borkjarna	<b>Verknúmer:</b> 3-720106	
<b>Unnið fyrir:</b>		
<b>Samvinnuaðilar:</b> Samvinnuverk Orkustofnunar og Orkuveitu Reykjavíkur		
<b>Útdráttur:</b> Í skýrslunni er gerð grein fyrir rannsóknum á kjarna af um 790 m dýpi í holu ÖJ-1 á Ölkelduhálsi. Holan, sem er 1035 m djúp, var boruð til að kanna háhitakerfið á svæðinu. Kjarninn var tekinn til að kanna forðafræðilega eiginleika bergsins og er hluti af verkefninu "Rannsókn jarðhita til raforkuvinnslu." Margvíslegar rannsóknir voru gerðar á kjarnanum, s.s. á bergfæði og ummyndun, bergefnafræði og forðafræðilegum eiginleikum (poruhluta, lekt, viðnámi o.fl.), og þessar athuganir bornar saman við jarðlagamælingar. Reynt er að túlka hin ýmsu gögn í heild. Hluti rannsóknarinnar var unninn af jarðfræði- og jarðtæknistofnunum í Danmörku og eru skýrslur þeirra birtar sem viðaukar. Samanburður á niðurstöðum mælinga á þessu kjarna og sýna í verkefninu "Forðafræðistuðlar" sýnir að um gott samræmi er að ræða. Helstu niðurstöður eru að öðru leyti þær að kjarninn er samkynja móberg sennilega þóleíft og ummyndun bergsins alger og það er alveg holufyllt. Efnasamsetning er töluvert breytileg. Náinn skyldleiki er á milli poruhluta og lektar. Efnagreining á poruvökva í kjarnanum er í litlu samræmi við efnafræði jarðhitavökvans í holunni og grunnvatns. Poruhlutamælingum á kjarna og nifteindamælingum í holunni ber vel saman.		
<b>Lykilorð:</b> Ölkelduháls, borhola, kjarni, mælingar, bergfræði, forðafræðistuðlar	<b>ISBN-númer:</b> 9979-68-035-0	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	
	<b>Yfirfarið af:</b> VS, PI	

## MYNDIR

1. Ölkelduhálskjarni. Sýnastaðir í eðlisfræðimælingum, efnagreiningum og þunnsneiðum	21
2. Ljósmynd af kjarna	22
3. Einfaldað jarðlagasnið, dreifing ummyndunarsteinda og ummyndunarbelti í holu ÖJ-1	23
4. Einfaldað jarðlagasnið, jarðlagamælingar og ummyndunarbelti	24
5. Samanburður á CO <sub>2</sub> við þunnsneiðaskoðun og efnagreiningar	25
6. Samband SiO <sub>2</sub> og Na <sub>2</sub> O. Samanburður sýna frá Hafnarfj.-Skarðsh. og Ölkelduhálskjarna	26
7. Samband SiO <sub>2</sub> og CaO. Samanburður sýna frá Hafnarfj.-Skarðsh. og Ölkelduhálskjarna	26
8. Samband SiO <sub>2</sub> og K <sub>2</sub> O. Samanburður sýna frá Hafnarfj.-Skarðsh. og Ölkelduhálskjarna	27
9. Samband SiO <sub>2</sub> og TiO <sub>2</sub> . Samanburður sýna frá Hafnarfj.-Skarðsh. og Ölkelduhálskjarna	27
10. Samanburður á virkum poruhluta og heildarporuhluta	28
11. Samband gaslektar og heildarporuhluta	28
12. Samband vökvalektar og heildarporuhluta	29
13. Samband virks poruhluta og viðnáms (R <sub>o</sub> )	29
14. Samband "formation factor" og poruhluta	30
15. Mismunur mælds heildarporuhluta og þunnsneiðaporuhluta sem fall af ummyndun	30
16. Samband gaslektar og ummyndunar	31
17. Reiknuð Klinkenberglekt sem fall af ummyndun	31
18. Samband vökvalektar og ummyndunar	32
19. Samband gaslektar og útfellinga	32
20. Samband vökvalektar og útfellinga	33
21. Samband virks poruhluta og útfellinga	33
22. Samband heildarefnisþyngdar og ummyndunar	34
23. Fjöldi pora sem fall af þvermáli pora	34
24. Samband mælds poruhluta og reiknaðs poruhluta út frá nifteindamælingu	35
25. Samband mælds poruhluta og reiknaðs poruhluta út frá síaðri nifteindamælingu	35

## TÖFLUR

1. Einkenni kjarnatökubúnaðar	6
2. Tímaþættir í kjarnaborun	6
3. Ummyndun, útfellingar í þunnsneiðum	8
4. Kalsít í bergi og samanburður við CO <sub>2</sub> í efnagreiningum	9
5. Efnagreiningar á kjarna	12
6. Mælingar á forðafræðieiginleikum kjarna	13
7. Efnagreining á poruvatni í kjarna og samanburður við borholuvökva og grunnvatn á Ölkelduhálsi	13
8. Samanburður á gaslekt, leiðréttri gaslekt & vatnslekt á milli Ölkelduháls og annarra alymmyndaðra íslenskra sýna	14

## ÁGRIP

Skýrslan fjallar um rannsóknir á kjarna sem tekinn var á um 790 m dýpi í holu ÖJ-1 á Ölkelduhálsi. Kjarninn er úr móbergi og tekinn innan klórít-epidót ummyndunarbeltis. Efna- og þunnarneiðagreining bendir til basaltsamsetningar. Breytileg efnasamsetning einstakra kjarnabúta bendir til að töluverðir efnaflutningar hafi orðið í berginu af völdum ummyndunar. Vatn bundið í ummyndunarsteindum bergsins er að meðaltali um 2,7% af berginu. Jákvæð tengsl eru á milli poruhluta annars vegar og gaslektar og vökvalektar hins vegar, en viðnám lækkar með auknum poruhluta. Gott samræmi er á milli gagna úr verkefninu um forðafræðistuðla og í Ölkelduhálskjarnanum. Mæling á tíðni og þvermáli pora bendi til að meðalþvermál sé minna en 0,1 mikrómetri og benda viðnámsmælingar á kjarnanum til sprungulektar. Þokkalegt samræmi er á milli reiknaðs poruhluta út frá nifteindamælingu og mælds poruhluta á kjarnasýnum.

## 1. INNGANGUR

Árið 1994-1995 lét Hitaveita Reykjavíkur bora holu ÖJ-1 á Ölkelduhálsi til að kanna eiginleika háhitakerfisins þar. Holan varð 1035 m djúp. Kjarni var tekinn á rúmlega 790 m dýpi til að kanna nánar forðafræðilega eiginleika bergsins í jarðhitakerfinu. Kjarnatakan og rannsóknir á kjarnanum er hluti af verkefni um rannsókn jarðhita til raforkuframleiðslu. Í þessari skýrslu er fjallað um margvíslegar rannsóknir á kjarnanum. Fyrst er tæpt á kjarnatökunni sjálfri og meginþáttum jarðfræðinar, en síðan fjallað um bergfræði og ummyndun, bergefnafræði, mælingar á ýmsum forðafræðilegum eiginleikum kjarnans (poruhluta, lekt, viðnámi o.fl) og samanburð þessara mælinga við jarðlagamælingar. Reynt hefur verið eftir fongum að túlka hinar ýmsu gerðir gagna í heild í ljósi forðafræðieiginleika bergsins.

## 2. KJARNATAKA OG JARÐFRÆÐI HOLU ÖJ-1

Samkvæmt verklýsingu um borverkið var áætlað að taka 2-3 borkjarna í vinnsluhluta holu ÖJ-1 (>783 m dýpi), en vegna mikils skoltaps í holunni rétt neðan vinnslufóðringar og hruns í botni reyndist ekki unnt að taka kjarna nema á einum stað, þ.e. á 794,5-798,4 m dýpi. Notað var rússneskt kjarnatökutæki og var með í för sérfræðingur frá fyrirtækinu sem framleiðir það til leiðbeiningar um notkun þess. Einkenni tækisins eru sýnd í töflu 1. Í töflu 2 eru sýndir helstu tímættir í kjarnaboruninni frá því að ákvörðun var tekin um kjarnatöku þar til venjubundin borun hófst á ný. Í heildina tók borun kjarnans 46,8 klst, eða tæpa tvo sólarhringa.

Kjarnarörið var um 5 m langt, eins og lýst er í töflu 1, og sverleiki kjarnans um 100 mm. Kjarninn sem upp kom reyndist vera um 2,2 m að lengd, sem samsvarar um 45% kjarnaheimtu. Lengd og afstaða einstakra kjarnabúta ásamt mælistöðum er sýnd á mynd 1 og á mynd 2 er ljósmynd af útliti kjarnans. Tekin voru 11 sýni af kjarnanum sem voru um 1" í þvermál og 1,5" að lengd (0,025 m x 0,037 m). Á þessum sýnum voru nokkrir eiginleikar bergsins mældir, svo sem lekt, poruhluti, eðlisþyngd og rafleiðni. Stuðst var við myndir af kjarnanum til að ákveða dýpið á bútonum. Einnig voru gerðar athuganir á stærð pora í kjarnanum og poruvatn efnagreint.

Tafla 1. Einkenni kjarnabúnaðar í holu ÖJ-1 á Ölkelduhálsi.

<b>Kjarnarör:</b>	
Tegund	UKR-185/100
Króna	212,7-295,3 mm
Lengd	5 m
Þvermál kjarna	100 mm
Gengjur	5 1/2 FH, API
<b>Kjarnakróna:</b>	
Tegund borkrónu	KRS 214,3/100S
Framleiðandi	NPP “Buramlas” (Rússl.)
Fjöldi karata framan á krónu	5-7 spc (stones per carat)
Fjöldi karata á hlið krónu	0,3-0,8 spc
Kjarnagrind	fingrigrind
Álag á borkrónu	6-9 tonn
Snúningshraði	60-100 sn/mín.
Skolmagn	18-24 l/s

Tafla 2. Tímaþættir í kjarnaborun.

<u>10. janúar 1995</u>	<u>Tími</u>
1. Borun hætt á 794,7 m dýpi	1:20
2. Hitamæling	3:00-5:00
3. Upptekt hefst	5:50
4. Upptekt borstanga lokið	8:30
5. Ruslakarfa sett niður	9:30
6. Safnað í körfu (“junk basket”)	16:00-16:30
7. Karfan komin til yfirborðs	19:30
8. Kjarnarör í snúningsborði	21:30
9. Niðursetning kjarnarörs hefst	22:30
<u>11. janúar 1995</u>	
10. Kjarnarör 4 m frá botni – skolun	2:55
11. Kjarnatöku lokið, 4,1 m boraðir	4:42
12. Kjarnarör komið upp	10:30
13. Lokið við frágang kjarna	11:30
14. Vatnsborðsmæling og eftirlit með holu	12:00
15. Kollar sprungumældir og niðursetning	
16. Borun hefst aftur á 798,8 m dýpi	24:00

Fimm sýni voru efnagreind í fyrstu og gerðar 6 þunnsneiðar til athugunar á bergfræði og ummyndun. Nokkurs misræmis gætti milli sýna sem tekin voru til mælinga og þeirra sýna sem efnagreind voru og þunnsneiðar gerðar af. Voru því send 9 sýni til viðbótar af þeim hlutum kjamans sem mældur var, og gerðar samsvarandi viðbótarþunnsneiðar.

Á mynd 3 er sýnt einfaldað jarðlagasnið af borholunni, vatnsæðar, dreifing ummyndunarsteinda og beltaskipting ummyndunar (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1997). Samkvæmt því er kjarninn í efri hluta móbergsmyndunar sem nær niður á um 840 m dýpi og telst vera ein goseining. Kjarninn er í bergi sem er tæplega 500 m neðan við efri mörk klórít-epidót beltisins og gæti hugsanlega verið nærri efri mörkum epidót-amfiból beltisins. Vatnsæðar eru við kjarnatökustaðinn. Á mynd 4 er sýnt einfaldað jarðlagasnið og jarðlagamælingar í holunni. Þar sést meðal annars að kjarninn er tekinn í bergi með poruhluta 16-18% samkvæmt nifteindamælingum.

### 3. BERGFRÆÐIATHUGUN

Alls voru gerðar 17 þunnsneiðar af ýmsum stöðum í kjarnanum, og voru 11 þeirra af bergi sem næst þeim sýnum sem mæld voru (tafla 3 og mynd 1). Athugun þessara sneiða var með svipuðu sniði og í verkefninu um forðafræðistuðla (Hjalti Franzson o.fl. 1997). Athugaðar voru frumsteindir og gler ásamt ummyndun þeirra og síðan hvaða útfellingar greindust í holrými. Hluti af greiningunni var talning 200 punkta þar sem greint var á milli frumsteinda, ummyndaðra frumsteinda, hvort og hvað mikið sprungur og blöðrur væru fylltar útfellingum.

Flestar þunnsneiðarnar eru úr einni móbergsmyndun. Bergið er aðeins að hluta til kristallað, og ber mest á smáum feldspatkristöllum auk þess sem mótar fyrir líklegu magnetíti, en ekki sést pýroxen né ólivín svo öruggt sé. Áferð feldspatkristallanna og lega ("flow-kristöllun") bendir til að upprunaleg efnasamsetning bergsins sé þróað basalt, sennilega "kvars-normatívt" þóleiit, en ólíklegt að það sé enn þróaðra (basalt-andesít eða andesít). Bergið telst vera hlutkristallað túff eða breksia. Þunnsneiðagreiningin er í nokkurri þversögn við efnagreiningarnar, sem benda til að bergið sé ísúrt. Þunnsneiðagreiningin er hér talin áreiðanlegri í mati á upphaflegri berggerð.

Ummyndun móbergisins er að því er virðist algjör. *Plagióklas* hefur ummyndast yfir í Na-rikan feldspat (albit-oligóklas), en ekki er hægt að útiloka að einhver hluti geti verið K-rikur. Klórít ummyndun plagióklasans er einnig nokkur. *Gler* hefur að miklu leyti ummyndast yfir í klórít, en einnig sést nokkuð af sphen (titanít), sem líklega er bæði ummyndun á gleri og jafnvel magnetíti. Helstu *útfellingar* eru kvars, kalsít, klórít og epidót. Kalsít kemur bæði fyrir sem útfelling í holrými en einnig sem bergumyndun. Kalsítummyndun bergsins er einna mest áberandi við jaðra kalsítprungufyllinga.

Þrjár þunnsneiðar, úr kjörnum 1, 2, og 3 (mynd 1) sýna aðra berggerð en í öðrum kjarna. Í kjarna 1 var valin þunnsneið úr grófkorna bergi sem að öllum líkindum er hnyðlingur (xenólít). Það berg er dólérít-gabbró og hefur allsérstæða ummyndun, sem er um eða yfir 70% af berginu. Plagióklas er þar alveg horfinn yfir í albit og K-feldspat, meira en 60% af pýroxeninum hefur ummyndast í amfiból, klórít o.fl. steindir og um helmingurinn af magnetít-ilmenít hefur ummyndast í spen (titanít). Víða í berginu, sérstaklega í sprungum, er kraðak af amfiból, vollastoníti og granatútfellingum. Þessi ummyndun skýtur skökku við þá sem finnst í móberginu, og er sennilegt að þessi hnyðlingur sé ættaður mun dýpra úr berggrunninum, þar sem mikið ummyndað dólérít-gabbró ætti að finnast. Hinar tvær sneiðarnar eru úr fremur grófkorna ólivín-þóleiit bergi, þunnsneiðin úr kjarna 3 sýnir laumontít í blöðrum bergsins, en það er erfitt að skýra þar sem neðstu merki um zeólíta í holunni er um 400 m ofar.



Tafla 3. Ummyndun og útfellingar samkvæmt talningu í þunnsneiðum.

Kjarna- nafn	Frum- steind %	Ummynduð frumsteind %	Útfellingar í blöðrum %	Útfellingar í sprungum %	Ofylltar blöðrur %	Ofylltar sprungur %	Samtals %	Upprunalegt holrými %
1	0	85.5	13.5	1	0	0	100	14.5
5	0	75.5	24	0	0.5	0	100	24.5
6	0	83.5	12.5	4	0	0	100	16.5
6.2	0	87	8	5	0	0	100	13
7	0	80	5	15	0	0	100	20
7.1b	0	86.5	12.5	1	0	0	100	13.5
7.2b	0	88.5	11.5	0	0	0	100	11.5
8.2	0	86	14	0	0	0	100	14
10.1	0	80	20	0	0	0	100	20
10.2b	0	85	15	0	0	0	100	15
11	0	91	8	0.5	0.5	0	100	9
11.2b	0	87	13	0	0	0	100	13

Helstu atriði þunnsneiðatalningar eru sýnd í töflu 3. Bergummyndun í móberginu er alger, eins og áður sagði. Blöðrur mynda mestan hluta upprunalegs holrýmis og liggja á bilinu frá 9 upp í 24%, nema í kjarna 7 þar sem blöðrur eru aðeins 5%. Í þeirri þunnsneið eru sprungufyllingar um 15% af berginu. Þetta upprunalega holrými er fyllt af útfellingum, nema í kjörnum 5 og 7, þar sem það hefur ekki alveg fyllt. Í síðasta dálki töflu 3 er sýnt upprunanlegt heildarholrými bergsins, áður en það fylltist af útfellingum (skv. þunnsneiðagreiningu).

Í þunnsneiðaskoðun og talningu var litið kerfisbundið á ákveðna þætti. Ein forsendan fyrir að þora sjáist greinilega er að hún nái í gegnum sneiðina, en það þýðir jafnframt að verið er að tína til þorur sem eru >30 mikrómetrar í þvermál, en 30 mikrómetrar er þykkt sneidarinnar. Smærri þorur verða ekki greindar. Nokkrar þunnsneiðanna voru skoðaðar nánar og mátti víða greina örfín göt í berginu, auk þess að fjöldi mikrósprungna, sem afleiðing ummyndunar, kljúfa kristalla í berginu. Ef út í það er farið, er ekki útilokað að kleyfnifletir steinda eins og til dæmis kalsíts og leirsteinda geti átt hlut í þoruhluta bergsins. Nánar verður fjallað um samanburð þunnsneiðagreininga og mælinga á þoruhluta og lektar í kafla 7.

Sérstök greining var gerð á magni kalsíts ( $\text{CaCO}_3$ ) í berginu í tengslum við mat á hlut  $\text{CO}_2$  í berginu. Í töflu 4 er birt talning á kalsíti í þunnsneiðum, útreikningur á  $\text{CO}_2$  á grundvelli þeirrar talningar, en  $\text{CO}_2$  er um 44% af kalsíti. Einnig eru efnagreiningar á  $\text{CO}_2$  í hluta sýnanna birtar. Í síðasta dálki töflunnar er bundið vatn sem er mismunur á mældu glæðitapi og  $\text{CO}_2$ . Magn kalsíts er mjög breytilegt, eða frá nær engu upp í rúm 30% af berginu. Í einni þunnsneiðinni er kalsít um 77% af berginu, en sú sneið er aðallega sprungufylling og var valin til að kanna nánar steindasamsetninguna í fyllingunni og er því ekki einkennandi fyrir bergið. Á mynd 5 er  $\text{CO}_2$  mælt í efnagreiningu sett upp á móti  $\text{CO}_2$  mælt samkvæmt talningu á kalsíti. Oftast er gott samræmi þarna á milli nema í tveimur tilfellum þar sem mun meira kalsít er í þunnsneiðinni en mælist í efnagreiningunni. Misræmið í þeim síðarnefndu má líklegast skýra með því að kalsít sé misdreift í kjörnunum og að í þessar þunnsneiðar hafi valist berg sem í er tiltölulega meira kalsít en í þeim hluta sem efnagreindur var.

Tafla 4. Talning á kalsíti í þunnsneiðum, mat á CO<sub>2</sub>, og samanburður við glæðitap, CO<sub>2</sub> og bundið vatn í efnagreiningum.

Númer þunnsn.	Kjarni no.	Athugasemdir	Þunnsneiðatalning				Efnagreiningar			
			Fj. punkta í talningu	Berg %	Kalsít %	CO <sub>2</sub> %	Glæðitap %	CO <sub>2</sub> %	H <sub>2</sub> O+ %	
16219	1	Hlutkristallað móberg	1000	91.5	8.5	3.74				
16301	1	Mjög ummyndaður dðlerft-gabbró xenólít **	1000	98.1	1.9	0.84				
16302	2	Meðal-grófkorna mjög ummyndað og e-ð biðbrótt basalt	1000	96.5	3.1	1.36	6.58			
16303	3	Meðal-grófkorna ólívín þóleit með stílb/laumonítft æðum?!	1000	100	0	0.00				
16300	5	Hlutkristallað móberg.	1000	97.5	2.5	1.10				
16220	5	Meirihlutinn holu-/sprungufylling)	1000	23.2	76.7	33.75	4.54			
16222	6	Hlutkristallað móberg	1000	86.4	13.6	5.98	7.90			
16223	6.1	Hlutkristallað móberg	1000	82	18	7.92				
16417	6.2	Hlutkristallað móberg	1000	70.1	29.9	13.16	8.89		2.98	
16418	7	Hlutkristallað móberg	1000	65.7	34.3	15.09				
16419	7.1	Hlutkristallað móberg	1000	88.7	11.3	4.97	7.35		2.33	
16420	7.2	Hlutkristallað móberg	1000	69.9	30.1	13.24	8.17		2.93	
16421	8.1 b	Hlutkristallað móberg	1000	91.3	8.7	3.83				
16422	8.2	Hlutkristallað móberg	1000	86	14	6.16	5.47		2.37	
16423	9	Hlutkristallað móberg	1000	88.5	11.5	5.06	8.34		2.87	
16424	10.1 b	Hlutkristallað móberg	1000	86.4	13.6	5.98	7.96		2.75	
16425	10.2	Hlutkristallað móberg	1000	91.2	8.8	3.87	8.31		3.30	
16223	11	Hlutkristallað móberg	1000	90.5	9.5	4.18	7.12			
16426	11.1	Hlutkristallað móberg	1000	87.8	12.2	5.37	8.18		2.90	
16427	11.2	Hlutkristallað móberg	1000	91.3	8.7	3.83	6.34		2.56	
	14						4.86			

Tafla 4. Talning á kalsíti í þunnsneiðum, mat á CO<sub>2</sub>, og samanburður við glæðitap, CO<sub>2</sub> og bundið vatn í efnagreiningum.

\*\*Ummyndunin samanstendur meðal annars af grasserandi amfiból, völastoníti og granati. Bergið er >70% ummyndað. Xenólítinn endurspeglar mögulega berg og ummyndun neðar í berggrunnum.

#### 4 EFNAGREININGAR Á KJARNA

Efnagreiningum á bergi er skipt í tvennt, þar sem aðalefnin eru mæld sem oxíð í prósentum og snefilefnin í ppm. Í efnagreiningum, sérstaklega af ummynduðu bergi, bætist við glæðitap sem er afleiðing ummyndunarinnar og eru rokgjörn efni svo sem vatn, koldíoxíð, brennisteinn og fiur. Þeirra tveggja síðastnefndu gætir lítið. Tilgangur efnagreininganna var meðal annars að kanna efnaf lutninga sem orðið hafa vegna ummyndunarinnar. Til að svo sé hægt er fyrst reynt að nálgast upprunalegu samsetningu bergsins með því að taka úr augljósa ummyndunarþætti svo sem glæðitapið og síðan endurreikna aðalefni greiningarinnar upp í 100%. Þunnsneiðagreining gefur einnig, á grundvelli steindategunda og kristöllumar, ákveðnar vísbendingar um efnasamsetningu bergsins. T.d. er kísill langalgengasta efnið í berginu og getur þunnsneiðagreiningin gefið efri og neðri mörk kísilsins í upprunalega berginu, og er þá hægt að meta betur upprunlegu efnasamsetninguna. Í þriðja lagi er unnt að bera saman efnagreiningu bergsins við aðrar greiningar af svipuðu bergi sem ekki hafa orðið fyrir áhrifum ummyndunar. Á þann hátt er stundum unnt að sjá hvort efni hafi tapast úr berginu eða bætst við í bergið vegna efnaf lutninga. Í efnagreiningum bergs er járn oft annað hvort sýnt sem FeO (tvígilt), eða Fe<sub>2</sub>O<sub>3</sub> (þrígilt). Í fersku gosbergi er talið að hlutfall tví- og þrígilds járn sé um 0,25 (Fe<sub>2</sub>O<sub>3</sub>/ Fe<sub>2</sub>O<sub>3</sub>+FeO=0,25).

Alls voru send 14 sýni úr kjarnanum til efnagreiningar í tveimur sendingum og eru greiningarnar sýndar í töflu 5-A og -B. Aðalefnin í efnagreiningunum hafa verið endurreiknuð án glæðitaps. Efni sem greind voru eru hliðstæð þeim greiningum sem gerðar hafa verið á sýnum í forðafræðiverkefninu (Ásgrímur Guðmundsson o.fl. 1995), nema að í síðari sendingunni var bætt við greiningum á CO<sub>2</sub> en greiningum á Cl sleppt. Eins og áður hefur verið getið er bergið talið að uppruna sama gosmyndun og ætti því að hafa haft sömu uppruna-efnasamsetningu. Þunnsneiðaaathugun og poruhlutamælingum sýna að miklir efnisflutningar hafi átt sér stað í berginu þar sem blöðrur og sprungur eru fylltar útfellingum, og bergið sjálft hefur nær algerlega skipt um steindasamfélag. Upprunalegar steindir eins og plagióklas, pýroxen og málmur hafa nánast alveg horfið og aðrar hafa komið í staðinn. Einnig virðast þó hafa myndast í berginu vegna upplausnar efna þar. Í næstneðstu línu töflu 5-A er sýnd meðalsamsetning bergsins, sem hefur verið endurreiknuð upp í 100% án glæðitaps. Snefilefnin sem eru um 0,1% af berginu eru sýnd í töflu 5-B. Kísill er mjög breytilegur í sýnunum, eða frá tæpum 48% upp í 60%, að meðaltali um 54% en það er innan sviðs basalt andesíts. Sá uppruni bergsins er ólíklegur. Þunnsneiðaskoðun leiðir í ljós að efnasamsetning er meira í ætt við þóleiit og hefur líklegast vart meira en um 50% SiO<sub>2</sub>. Aukningin í kísli er því talin vera vegna útfellinga kísilríkra steinda í berginu. Í neðsta dálki í töflu 5-A hafa aðalefnin verið endurreiknuð með tilliti til að SiO<sub>2</sub> hafi upprunalega verið 50%, og er það gert sem önnur nálgun á upprunalegri efnasamsetningu móbergsins.

Dreifing TiO<sub>2</sub>, Al<sub>2</sub>O<sub>3</sub>, MnO, P<sub>2</sub>O<sub>5</sub>, Nb, Y og Zr í sýnunum sýna hlutfallsega minnstu frávik, en mestu frávikin sjást í K<sub>2</sub>O, Cu, Zn og Rb. Athyglisverð er breyting á K<sub>2</sub>O frá 0,03 og allt upp í 0,29 eða um tíföld, og er frávikíð í Th a.m.k. 25%. Þessi efni gefa náttúrulega gammageislun og bendir þessi breytileiki til að ummyndun geti haft áhrif á náttúrulega gammamælingu í borholum. Jafnframt bendir það til að vörpun slíkrar mælingar yfir í jafngildi kísils (þ.e. berggreining) geti í sumum tilvikum orkað tvímælis. Magn SiO<sub>2</sub> er mjög breytilegt á milli sýna og getur munað allt að 13% í kísli. Hlutfall þrígilds á móti tvígildu járn er sýnt í síðasta dálki töflu 5-A, og er það allt frá 6 til 15 sinnum hærra en vænta má í fersku gosbergi. Líklega er ummyndun orsök þess, en einnig getur verið að oxun gosefna hafi orðið þegar móbergið verður til undir ísvatni jökulsins.

Á myndum 6 til 9 er gerður samanburður á nokkrum efnunum í Ölkelduhálssýnunum og samsvarandi efnunum í bergsýnum innan megineldstöðvarinnar í Hafnarfjalli og Skarðsheiði (Hjalti Franzson 1978). Þau síðarnefndu fylgja þóleiit þróunarlinu, eins og Hveragerðiseldstöðin (Ölkelduhál). Ef gengið er út frá því að kísilmagn í berginu hafi upprunalega verið um 50% falla önnur efni yfirleitt innan þess

sviðs sem efnagreiningar frá Hafnarfjall-Skarðsheiði liggja á, nema ef vera skyldi að natríum ( $\text{Na}_2\text{O}$ ) í sumum tilfellum (mynd 6).  $\text{CaO}$  er mjög breytilegt, sem skýrist af breytilegu magni kalsíts ( $\text{CaCO}_3$ ) í berginu (mynd 7).  $\text{K}_2\text{O}$  er mjög lágt ef miðað er við basalt andesít en er í eðlilegu magni ef kísill er um 50% (mynd 8).  $\text{TiO}_2$  er á sama hátt í eðlilegu samhengi við 50%  $\text{SiO}_2$  (mynd 9). Flest sporefnið í kjarnanum falla innan marka þóleiðlínu Hafnarfjalls-Skarðsheiðar sýnanna, nema að gildið á Cu er hátt og Rb og Sr er óvenju lágt.

Bundið vatn í berginu (mismunur glæðitaps og  $\text{CO}_2$ ) var greint í níu sýnum. Slíkt vatn reyndist vera á bilinu 2,3-3,3%, og að meðaltali um 2,7%. Nánar verður fjallað um það atriði í kafla 9.

## 5. EÐLISFRÆÐILEGAR MÆLINGAR Á KJARNA

Fjöldi breytistærða hefur verið mældur í Ölkelduhálskjarnanum af Dönsku jarðtæknistofnuninni og Dönsku jarðfræðistofnuninni og eru skýrslur þeirra birtar sem viðaukar í þessari skýrslu. Mæligildin eru sýnd í töflu 6. Þessi gögn eru hér notuð aðallega til að kanna tengsl poruhluta og lektar við jarðfræðilega ásýnd bergsins og til að bera saman við jarðeðlisfræðilegar mælingar sem gerðar voru í borholunni. Á mynd 10 er sýnt samband virks poruhluta og heildarporuhluta, en virki poruhlutinn er að meðaltali um 1% lægra en heildarporuhlutinn. Þessi munur er svipaður og fannst í samanburði slíkra mæligilda fyrir kjarna í forðafræðistuðlum (Ómar Sigurðsson og Valgarður Stefánsson 1994). Sterk fylgni (0,81) er á milli gaslektar og mælds heildarporuhluta eins og sýnt er á mynd 11 og sama er að segja um fylgni á milli vökvalektar og heildarporuhluta (mynd 12) og er hún rúmlega 0,90.

Í kjarnanum var mælt viðnám  $r$  sem er viðnám kjarnans í ohm við  $S_w = 100\%$  og  $R_o(\Omega m)$ , sem er viðnám í 100% vökvafylltu sýni, reiknað út frá því. Á mynd 13 er sýnt  $\log(R_o)$  á móti virkum poruhluta. Berviðnámsstull (formation factor),  $F$  er hlutfallið milli viðnáms 100% vatnsmettaðs bergs ( $R_o(\Omega m)$ ) og viðnáms vökvans í berginu ( $R_w(\Omega m)$ ) og er einnig reiknaður út frá mælistærðum eða;

$$F = R_o / R_w = (1 / R_w) \times (r A / L)$$

Þar er  $A$  ( $\text{m}^2$ ) flatarmál sýnis og  $L$  (m) lengd þess. Samkvæmt Archy's lögmáli er samband bergviðnámsstuðuls og poruhluta;

$$F = a / \theta^m$$

Ef logarithminn af  $F$  er teiknað á móti logarithmanum af poruhluta fæst veldisvísirinn  $m$  (cementation factor) sem hallatala þeirrar línu (mynd 14), en hann segir til um hvort um sprungulekt geti verið að ræða eða ekki (Valgarður Stefánsson o.fl., 1982). Í Ölkelduhálskjörnunum er  $m = 1,1 \pm 0,11$  sem bendir til sprungulektar. Hins vegar ber að benda á það að fylgnistuðullinn er ekki mjög hár eða um 0,60 og sé punktinum með lægsta poruhlutann sleppt fæst  $m = 1,5 \pm 0,11$  og er fylgnin þá rúmlega 0,30.

Tafla 5. Efnagreiningar á kjarna. A – aðalefni, B – snefilefni.

A-Aðalefni																	
Kjarna- númer	SiO <sub>2</sub> %	TiO <sub>2</sub> %	Al <sub>2</sub> O <sub>3</sub> %	Fe <sub>2</sub> O <sub>3</sub> %	MnO %	MgO %	CaO %	Na <sub>2</sub> O %	K <sub>2</sub> O %	P <sub>2</sub> O <sub>5</sub> %	Samtals %	Glæðitap %	CO <sub>2</sub> %	H <sub>2</sub> O+ %	FeO %	Fe <sub>2</sub> O <sub>3</sub> %	Fe <sub>2</sub> O <sub>3</sub> /Fe <sub>2</sub> O <sub>3</sub> +FeO
2,00	55,30	1,99	13,83	10,19	0,18	4,86	10,69	2,78	0,03	0,24	100,08	6,58			5,64	3,24	3,81
5,00	50,04	2,55	16,45	13,94	0,21	4,76	7,60	4,35	0,04	0,26	100,21	4,54			9,09	3,27	3,63
6,20	50,50	2,36	14,81	10,15	0,23	4,12	13,14	4,36	0,04	0,28	100,00	8,89	5,91	2,98	6,39	2,21	2,56
6,00	51,40	2,30	14,54	11,70	0,22	4,94	10,91	3,50	0,27	0,25	100,02	7,90			8,33	1,52	1,70
7,10	57,01	1,94	13,15	9,97	0,21	4,91	8,92	3,72	0,04	0,21	100,07	7,35	5,02	2,33	6,92	1,59	1,82
7,20	50,18	2,35	15,18	11,60	0,21	5,64	10,53	4,01	0,05	0,27	100,03	8,17	5,24	2,93	7,90	1,91	2,15
8,20	57,96	2,06	13,54	10,94	0,19	5,53	6,04	3,62	0,04	0,23	100,15	5,47	3,10	2,37	7,83	1,61	1,82
9,10	53,84	2,17	13,87	9,67	0,20	5,65	10,34	3,94	0,04	0,27	100,01	8,34	5,47	2,87	6,82	1,30	1,49
10,10	54,32	2,18	13,80	9,51	0,20	5,92	10,02	3,78	0,03	0,27	100,03	7,96	5,21	2,75	6,59	1,45	1,67
10,20	47,81	2,52	16,39	11,14	0,21	6,62	10,50	4,48	0,04	0,31	100,01	8,31	5,01	3,30	7,69	1,68	1,90
11,00	54,15	2,17	14,05	10,06	0,19	5,68	10,20	3,27	0,03	0,27	100,07	7,12	5,28	2,90	6,55	1,44	1,66
11,10	54,63	2,12	13,56	9,54	0,20	5,79	10,38	3,47	0,03	0,28	99,98	8,18	3,78	2,56	5,71	1,79	2,10
11,20	59,27	1,94	12,70	8,64	0,16	5,30	8,60	3,23	0,03	0,27	100,14	6,34	3,78	2,56	5,71	1,79	2,10
14,00	60,12	2,07	12,61	9,88	0,17	3,19	9,04	2,53	0,29	0,22	100,12	4,86			6,51	2,16	2,49
Meðalt.	54,04	2,20	14,18	10,49	0,20	5,21	9,78	3,65	0,07	0,26	100,07	7,14	4,89	2,78	7,02	1,97	2,25
SiO <sub>2</sub> leiðr.	50,00	2,40	15,40	11,40	0,22	5,67	10,53	4,02	0,08	0,28	100,00						
B-Snefilefni																	
Kjarna- númer	BaO ppm	Ce ppm	Cu ppm	V ppm	Zn ppm	Ga ppm	Nb ppm	Pb ppm	Rb ppm	Sr ppm	Th ppm	U ppm	Y ppm	Zr ppm	As ppm	Sb ppm	S ppm
2,00	143,00	15,00	101,00	350,00	110,00	16,40	13,50	<d/l	1,30	163,50	<d/l	<d/l	25,40	96,90			<d/l
5,00	195,00	27,00	663,00	478,00	318,00	18,30	15,40	1,40	1,20	178,20	2,20	<d/l	33,60	113,70			795,00
6,20	<d/l	39,00	174,00	370,00	148,00	14,90	15,50	1,00	3,10	211,50	<d/l	<d/l	32,60	107,60	2,40	<d/l	176,00
6,00	333,00	35,00	169,00	418,00	143,00	13,90	14,30	<d/l	4,50	216,40	1,30	<d/l	29,80	100,50			107,00
7,10	18,00	31,00	354,00	295,00	76,00	14,40	14,00	<d/l	2,40	136,20	<d/l	<d/l	28,00	94,20	<d/l	<d/l	<d/l
7,20	<d/l	33,00	207,00	353,00	94,00	16,40	15,20	1,40	2,80	197,20	<d/l	<d/l	34,30	111,10	1,90	<d/l	<d/l
8,20	<d/l	33,00	258,00	325,00	76,00	15,50	15,20	<d/l	2,40	121,50	<d/l	<d/l	31,10	99,70	<d/l	<d/l	208,00
9,10	23,00	43,00	311,00	301,00	192,00	15,50	14,90	<d/l	2,70	147,50	<d/l	<d/l	32,80	100,50	<d/l	<d/l	<d/l
10,10	<d/l	38,00	182,00	289,00	108,00	14,80	14,90	<d/l	2,50	150,80	<d/l	<d/l	34,70	102,10	1,90	<d/l	<d/l
10,20	<d/l	33,00	268,00	368,00	117,00	17,50	15,90	1,70	2,40	185,50	<d/l	<d/l	36,30	114,60	3,00	<d/l	<d/l
11,00	136,00	28,00	91,00	332,00	146,00	15,80	14,00	<d/l	1,30	154,30	<d/l	<d/l	33,70	96,30			<d/l
11,10	<d/l	32,00	250,00	303,00	110,00	14,40	14,30	<d/l	2,20	133,20	<d/l	<d/l	32,10	99,50	1,40	<d/l	<d/l
11,20	27,00	33,00	150,00	293,00	112,00	15,50	13,90	<d/l	2,60	142,10	<d/l	<d/l	30,50	94,70			<d/l
14,00	156,00	21,00	30,00	299,00	111,00	12,90	13,30	<d/l	7,70	160,80	<d/l	<d/l	34,80	92,80			986,00
Meðalt.	128,88	31,50	229,14	341,00	132,93	15,44	14,59	<1.375	2,79	164,19	<1.75	<d/l	32,12	101,73	<2.05		<454,4

Tafla 5. Efnagreiningar á kjarna. A- aðalefni, B- snefilefni

<d/l = neðan greiningamarka

Tafla 6. Mælingar á forðafræðilegum eiginleikum kjarna.

Kjarni	Númer	pverm. mm	Lengd mm	Virkur poruhluti %	Reiknuð efnisþyngd g/cm <sup>3</sup>	Heildar- poruhluti %	Raun efnisþyngd g/cm <sup>3</sup>	"Formation factor"	Gaslekt mD	Klinkenberg lekt mD	"Slip factor"	"Beta" 10 <sup>4</sup> mikrom.	"Alpha" 10 <sup>14</sup> /let	Vatnslekt mD	Mælt viðnám kOhm	Viðnám Ohmm
OJ-6	6.1	24.98	36.86	7.45	2.815	-	-	14.5				0	0	0	30.4	404.2
	6.2	24.96	36.95	14.6	2.802	14.87	2.814	12.5	0.038	0.017	78.2	0	0	0.008	26.3	348.3
OJ-7	7.1	25.1	30.25	14.85	2.769	14.75	2.769	8.86	0.042	0.029	26.9	16.2	15.4	0.004	15.1	247
	7.2	24.96	36.85	13.6	2.806	14.29	2.834	6.38						0.006	13.4	177.2
OJ-8	8.1	24.96	36.85	17.14	2.772	-	-	5.67	0.094	0.053	49.3	2.4	4.11	0.014	11.9	158
	8.2	25.01	36.9	15.03	2.788	16.05	2.823	6.93	0.042	0.019	74.1	0	0	0.006	14.5	193
OJ-9	9.1	25.08	30.05	16.14	2.77	16.38	2.78	5.84	0.055	0.027	65.2	4.34	3.77	0.007	9.9	162.8
OJ-10	10.1	25	36.95	15.48	2.781	16.27	2.808	6.15	0.077	0.055	25.5	4.82	8.52	0.014	12.9	171.4
	10.2	24.95	36.89	17.46	2.802	17.64	2.811	4.04	0.091	0.05	51.3	5.6	9.13	0.013	8.5	112.7
OJ-11	11.1	25	36.95	18.48	2.782	18.89	2.796	5.81	0.143	0.104	23.6	1.22	4.11	0.037	12.2	162.1
	11.2	25	36.87	19.73	2.786	20.44	2.812	5.68	0.293	0.143	66.3	0	0	0.123	11.9	158.4

Tafla 6. Mælingar á forðafræðilegum eiginleikum kjarna.

	Gropvatn úr kjarna mg/l	Jarðhitavatn úr borholu mg/kg	"Grunnvatn" við borstað mg/kg
Cl	279	155	
SO <sub>4</sub>	36	40,375	2,8
Na	213	162,25	6,6
K	58	17,35	0,9
Mg	14	0,0065	2,95
Ca	67	1,365	8,1

Tafla 7a. Efnagreining úr gropvatni kjarna og samanburður við meðaltal efnagreiningar á jarðhitavatni úr ÖJ-1 (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1997) og volgu grunnvatni nærri borholunni (Gögn frá Einari Gunnlaugssyni, Hitaveitu Reykjavíkur).

	Bentonít borleðja (%)	Venjulegt Portland sement (%)
SiO <sub>2</sub>	58,8	26,1
Al <sub>2</sub> O <sub>3</sub>	20,2	4,5
Fe <sub>2</sub> O <sub>3</sub>	5,8	3,2
CaO	0,4	55,5
MgO	2,6	2,8
Na <sub>2</sub> O	2,7	
K <sub>2</sub> O	0,8	
L.O.I.	6,5	
SO <sub>3</sub>		
Cl		<0.2

Tafla 7b. Efnagreining af Bentonít borleðju og venjulegu Portland sementi.

## 6. EFNAGREINING Á PORUVATNI

Danska jarðfræðistofnunin reyndi að ná poruvatni úr kjarnanum til efnagreiningar og mælinga á súrefnis- og vetnisisótópum. Einungis náðist um 1 ml af vökva svo sleppa varð mælingum á ísótópum. Í töflu 7-A er sýndur efnastyrkur Cl, SO<sub>4</sub>, Na, K, Mg og Ca í vökvanum ásamt samanburði við samsvarandi efnagreiningu jarðhitavökvans úr borholunni og af grunnvatni við borstað (samsvarar skolvatni borsins). Poruvökvinn er, að SO<sub>4</sub> undanskildu, mjög frábrugðinn jarðhitavökvanum og enn frábrugðnari skolvatninu. Cl er um tvöfalt hærra í poruvatninu, Na um þriðjungi hærra, K þrefalt hærra, Mg þremur stærðargráðum hærra og Ca um 50-falt hærra. Munurinn á poruvatninu og grunnvatninu er eins og áður sagði enn meiri og er eftirtektarvert að Mg, sem yfirleitt er miklu hærra í grunnvatni, er 5-falt hærra í poruvökvanum.

Cl var greint í nokkrum kjarnabútanna og reyndist það vera neðan næmni efnagreiningarinnar eða <100ppm. Kjarnatökustaðurinn var um 13 m neðan við steiptan fôðringarenda vinnslufôðringar. Í steypingu var notuð rúmlega 100% meira sement en þurfti til að fylla holuna utan fôðringar, en það þýðir að það sem umfram var hlýtur að hafa þrýst út í bergið og gæti áhrifa sementsins þess vegna gætt við kjarnatökustaðinn. Einnig var notað gel til að hreinsa botnfall í holunni áður en kjarnatökutækin voru sett í holuna. Bæði sement og borgel eru mjög hvarfgjörn efni sem leiðir til þess að vökvi sem tengist þessum efnum hlýtur að fá sérstaka efnasamsetningu frábrugðna efnasamsetningu jarðhitavatsins. Í töflu 7-B er sýnd efnasamsetning Portland sements og Bentonít borleðju. Báðar hafa meira en 2,6% af MgO og CaO í sementinu er yfir 55%. K<sub>2</sub>O er einnig umtalsvert í borleðjunni. Höfundum finnst því líklegasta skýringin á mjög óvanalegri efnasamsetningu poruvökvans vera sú að hann hafi mengast af völdum sements og/eða borleðju.

## 7. TENGLS PORUHLUTA, LEKTAR OG UMMYNDUNAR

Í verkefninu um forðafræðistuðla var gerður samanburður á poruhluta og lekt annars vegar og ummyndunar hins vegar (Hjalti Franzson o.fl.1997). Á myndum 15 til 17 eru niðurstöður sýndar ásamt þeim gildum sem mældust í Ölkelduhálssýnunum. Á mynd 15, þar sem sýndur er munurinn á þunnsneiðarporuhluta og mældum poruhluta ("hinn ósýnilegi poruhluti") á móti ummyndun. Myndin bendir til að mestur hluti poruhluta í berginu sé <30µm í þvermál. Þunnsneið er um 30 µm að þykkt og því sjást minni porur illa.

Á myndum 16 og 17 er sýnt samband gaslektar og leiðréttrar gaslektar (klinkenberg) annars vegar og ummyndunar hins vegar. Sýnin frá Ölkelduhálsi falla innan sömu marka og mælingar á öðrum sýnum. Lekt er fremur lítil í þessum sýnum ef eingöngu er miðað við fullummyndað berg annars staðar á landinu (Ómar Sigurðsson og Valgarður Stefánsson, 1994) eins og sýnt er í töflu 8. Hlutfall vatnslektar á móti leiðréttri gaslekt er 0,5 +/- 1,0 fyrir allt landið, en 0,4 +/- 1,0 í Ölkelduhálssýnum.

**Tafla 8.** Samanburður á gaslekt, leiðréttri gaslekt og vökvalekt á milli Ölkelduhálssýna og annarra íslenskra sýna úr verkefninu um forðafræðistuðla.

	Gaslekt (mD)	Leiðréttr gaslekt (mD)	Vatnslekt (mD)
Allt landið (1)	0,6 +/- 0,7	0,5 +/- 0,7	0,3 +/- 0,3
Ölkelduháls (2)	0,10 +/- 0,08	0,06 +/- 0,04	0,02 +/- 0,04
Hlutfall (1)/(2)	6 +/- 12	8 +/- 16	13 +/- 35

Gróflega má skipta kjarnaberginu upp í tvo hluta; móbergið sjálf og þær útfellingar sem sest hafa í upprunalegar (primerar) blöðrur og sprungur í berginu. Í því skyni að "staðsetja" porurnar og lektina í kjarnanum var gerður samanburður á gaslekt, vatnslekt og virkum poruhluta annars vegar og

hlutfalli útfellinga í holrými hins vegar (myndir 19, 20 og 21). Lítið samband er á milli útfellinga og lektar eða poruhluta, en gildin virðast þó heldur lækka með hækkandi magni útfellinga, sem gæti bent til að þær séu ívið þéttari en bergið.

Á mynd 22 er sýndur skyldleiki á milli heildarefnisþyngdar og ummyndunar á sýnum úr forðafræðistuðlaverkefnum. Svo virðist sem heildarefnisþyngd bergs minnki með aukinni ummyndun, sem er eðlilegt sé haft í huga að verið er að skipta út frumsteindum bergs sem hafa háa efnisþyngd fyrir ummyndunarsteindir sem hafa lægri efnisþyngd. Ölkelduhálssýnin, sem felld hafa verið inn í myndina, falla innan sömu marka og önnur sýni.

## 8. MÆLINGAR Á ÞVERMÁLI PORUHLUTA

Mælingar voru gerðar á þvermáli poruhluta í kjarna 8.1 hjá DGGU í Kaupmannahöfn (sjá viðauka 2) og eru niðurstöður þeirra mælinga settar fram á stöplariti á mynd 23. Þar kemur fram að mestur hluti poranna er frá um 0,001  $\mu\text{m}$  upp í rúma 0,1  $\mu\text{m}$ , með áberandi hápunkti gilda í 0,07-0,105  $\mu\text{m}$ . Þessar niðurstöður skýra af hverju hinn ósýnilegi poruhluti er svona hár í Ölkelduhálssýnunum, en í þunnsneiðagreiningu virðist bergið vera nær þétt, en sú greiningaaðferð sér vart minni porur en 20-30  $\mu\text{m}$  eins og áður hefur verið fjallað um. Þessar porur eru líklegast að miklu leyti í grunnmassanum sjálfum.

## 9. SAMANBURÐUR NIFTEINDAMÆLINGA, PORUHLUTA OG VATNSINNIHALDS

Holan var jarðlagamæld að borun lokinni og var mælt viðnám, nifteindir og náttúrulegt gamma auk hita og viddar. Á þeim kafla sem kjarninn var tekinn, var mælt mjög nákvæmlega og voru mæligildin tekin á 0,10 m fresti til að geta betur borið jarðlagamælingarnar saman við mælingarnar á kjarnanum.

Nifteindamælingar eru gerðar í borholum til að meta poruhluta í bergi. Nifteindaprópan sendir út nifteindir sem síðan ferðast um bergið næst borholunni, hægja á sér við það að rekast á atóm í berginu. Þessar hægjara nifteindir eru síðan mældar með nema á nifteindapróbunni. Nifteindirnar hægja mest á sér við að rekast á aðrar prótónur eða nifteindir. Vetriskjarninn hefur því mest að segja í því að hægja á nifteindunum og því er vatnsinnihald bergsins mælt með þessari aðferð. Vatnið er að mestu í porum í berginu og því er nifteindamæling aðalega mæling á poruhluta bergsins. En þar sem bergið er mikið ummyndað er töluvert af bundnu vatni í berginu og nemur nifteindaprópan það vatn líka.

Mynd 24 sýnir poruhluta í borholunni (heildregin lína) og virkan poruhluta á kjarnasýnunum (punktar). Virkur poruhluti var notaður, en ekki heildarporuhluti þó að nifteindamæling gefi heildarporuhluta. Þetta var gert vegna þess að fleiri gildi voru gefin upp fyrir virkan poruhluta, en mismunurinn er um eða yfir 1% í poruhluta, þar sem heildarporuhlutinn er hærri. Eins og sést á myndinni er mjög gott samræmi á milli þessara mælinga. Á mynd 25 er búið að sía borholumælinguna og sést þá enn betur hversu gott samræmið er. Frávikin í mælingunum er auðvelt að skýra með óvissu í dýpi og er mesta frávikid þar sem skápur er í holunni. Hann er það víður að viddarleiðréttingin er sennilega ekki góð.

Einn þáttur í efnagreiningu (tafla 5) var mæling á glæðitapi (LOI=Loss On Ignition), sem er þyngdarminnkun sýnis við hitun þess upp í allt að 700°C. Í fersku bergi er að mestu um bundið vatn að ræða, en þegar berg hefur orðið fyrir ummyndun koma til fleiri efni, svo sem CO<sub>2</sub>, S, F, og Cl. Glæðitapið mældist að meðaltali um 6,2% í 9 sýnum og er meðalfrávik tæplega 20%. Hlutfall CO<sub>2</sub> magn var mælt í 9 sýnum (tafla 5) og var það á bilinu frá um 3-6%. Brennisteinn og klór voru af



skornum skammti. Hluttur bundins vatns í þessum 9 sýnum er því um 2,3-3,3%, að meðaltali 2,78%. Þetta bundna vatn ætti því að bætast við mælingar á poruhluta á kjarnanum þegar hann er borinn saman við poruhluta reiknuðum út frá nifteindamælingunni.

Þar sem fjarlægðin á milli nifteindasendisins og nemans á própunni er 0,41 m nemur própan meðalporuhluta yfir þetta bil. Sýnin úr kjarnanum eru dreifð yfir aðeins um 1,35 m og er því nánast eins og einn punktur þegar borið er saman við nifteindamælinguna, sérstaklega þegar óvissa í dýpi er tekin með.

Meðaltal poruhluta í kjarnasýnunum er 15,5% +/- 3,2%. Vatnsinnihald ummyndunarinnar er 2,8% +/- 0,3%, heildarvatnsinnihald er því 18,2% +/- 3,5%. Ef meðaltal reiknaðs poruhluta út frá nifteindamælingunni er reiknaður yfir dýptarbilið sem kjarnarnir ná yfir, að viðbættu bili sitt hvoru megin, sem spannar hálfu fjarlægðina milli nema og sendis á nifteindaprópunni fæst að meðaltalið er 15,6% +/- 4,2%. Þessi meðalgildi á vatnsinnihaldi (poruhluta) eru á sama hátt innan skekkjumarka, en uppefin skekkjumörk á kjarnasýnunum, og þá sérstaklega á vatnsinnihaldi ummyndunarinnar, er sennilega of lág. Töluverð skekkja er í dýptarákvörðun, bæði kjarnasýnanna og eins á dýpi nifteindamælingarinnar, því ætti sennilega að hafa þennan glugga stærri sem meðaltalið er tekið fyrir. Ef hann er stækkaður minnkar enn meir munurinn á poruhluta milli kjarnamælinga og borholumælingar.

